

# Vinnustofur um BA-/BS-ritgerðir

Vormisseri 2019

Dagbjört Guðmundsdóttir, [dag26@hi.is](mailto:dag26@hi.is)

Hinrik Hafsteinsson, [hjh43@hi.is](mailto:hjh43@hi.is)



# Ritver Hugvísindasviðs



- Ritver Hugvísindasviðs veitir öllum nemendum HÍ aðstoð við stórar og smáar ritsmíðar (ritgerðir, námskeiðsverkefni, skýrslur, lokaverkefni o.s.frv.).
- Allir nemendur Háskóla Íslands geta pantað viðtalsfund sér að kostnaðarlausu.
- Ritverjar veita aðstoð við efnisafmörkun, rannsóknarspurningu, uppbyggingu, mál og stíl, heimildamat, heimildatilvísanir, frágang, útlit og fleira
- Ritverið er á 2. hæð í Þjóðarbókhöfuð
- Nánari upplýsingar á <http://ritverhug.hi.is/> og á Facebook-síðu ritversins

# Spurningar sem brenna á nemendum

- Hverjar eru reglurnar?
- Hverjar eru kröfurnar?
- Um hvað á að skrifa?
- Hvað á leiðbeinandi að gera?
- Hvernig á að finna heimildir?
- Hvaða heimildir má nota?
- Hvernig á að skipuleggja skrifin?
- Hvað er sniðmát?

# Skipulag vinnustofu

(Þriðjudaga kl. 11:40-13:10 / Miðvikudaga kl. 15:00-16:30)

- **Fyrsti fundur, 22. janúar/23. janúar**
  - **Reglur um BA-/BS-ritgerðir, efnisafmörkun, rannsóknarspurning**
- Annar fundur, 5. febrúar/6. febrúar
  - Heimildir: Leit, skráning og mat
- Þriðji fundur, 19. febrúar/20. febrúar
  - Glíman við textann
- Fjórði fundur, .5 mars/6. mars
  - Frágangur, yfirllestur, sniðmát

# Áður en við byrjum!

- Góðar upplýsingar og leiðbeiningar á síðum ritveranna um margt sem viðkemur ritgerðarskrifum:
  - Hugvísindasvið <http://ritverhug.hi.is/>
  - Menntavísindasvið <http://ritver.hi.is/>
  - Ritun.hi.is
  - Bæklingur um fræðileg skrif:  
[http://ritver.hi.is/sites/ritver.hi.is/files/iyp\\_fraedlileg\\_skrif\\_2016.pdf](http://ritver.hi.is/sites/ritver.hi.is/files/iyp_fraedlileg_skrif_2016.pdf)
- Hvað er sniðmát?
  - Kynnið ykkur strax reglur deildar um sniðmát og hvort æskilegt er að vinna inn í það frá upphafi, dæmi má t.d. sjá á Uglu undir:
    - Félagsvísindasvið >> Viðskipafræðideild >> Upplýsingar fyrir nemendur >> Lokaverkefni og ritgerðir >> Sniðmát

# Viðfangsefni dagsins

- Reglur um BA-/BS-ritgerðir
  - Leiðbeinandi
- Efni
  - Val á efni
  - Heimildaöflun: Fyrstu skref
  - Efnisafmörkun
  - Rannsóknarspurning

# Reglur

- Misjafnt eftir sviðum og deildum hversu ýtarlegar eða strangar reglur eru.
- Á Uglu, innri vef HÍ, má finna upplýsingar um lokaritgerðir undir síðum flestra sviða og/eða deilda, t.d. Hugvísindasvið >> Fyrir nemendur >> Deild >> Lokaverkefni og ritgerðir
- Finnið þær upplýsingar sem til eru fyrir ykkar deild.

# Lengd

- Almennt má miða við að 10 eininga ritgerð sé ekki lengri en 30 bls. eða um 8-10.000 orð
- Misjafnt eftir deildum/leiðbeinendum hve strangt er tekið á lengdarviðmiði.
- Ritgerðir sem eru lengri en viðmið eru ekki ávísun á hærri einkunn.
- Ritgerðarskrif krefjast alltaf afmörkunar og ögunar – að virða lengdarmörk er til marks um öguð vinnubrögð.



# Viðmið um vinnuálag

- Samkvæmt Bolognasáttmálanum skal fullt háskólanám vera 1500-1800 vinnustundir sem jafngildir því að baki hverri ECTS einingu liggi um 25-30 klukkustunda vinna stúdents
- Að baki ritgerð sem er 10 ECTS ættu því að liggja 250-300 vinnustundir
- Ef ritgerð er unnin á 15 vikum gera það 16-20 vinnustundir á viku að meðaltali, ef unnin á 20 vikum 12-15 vinnustundir á viku að meðaltali

# Kröfur

- Alla jafna þurfa lokaritgerðir á grunnstigi ekki að birta nýjar hugmyndir eða kenningar.
- Ritgerðir nemenda eru því oft endursagnir á hugmyndum annarra.
- Hins vegar þurfa nemendur að sýna að þeir geti unnið úr efninu á skipulegan hátt og greint aðalatriði frá aukaatriðum.
- Í lokaritgerðum er þó algengt að nemendur afli nýrra, óbirtra gagna (t.d. úr spurningakönnun eða viðtölum).

# Kröfur

- Ritgerðirnar eru próf í fræðilegum vinnubrögðum og sjálfstæðum vinnubrögðum
  - Úr reglum Hugvísindasviðs um BA ritgerðir:  
„Lokaritgerð er ætlað að sýna hæfni nemenda til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar úrvinnslu efnis og heimilda, svo og til notkunar fræðilegra hjálpargagna.“
- Þetta á við um:
  - meðferð, val og notkun heimilda
  - skipulag og byggingu efnisins
  - málfar og frágang

# Leiðbeinandi

- Í upphafi velur nemandi (eða er úthlutað) leiðbeinanda við viðkomandi deild.
  - Hægt að nálgast lista yfir kennara inn á vefsvæði hverrar deildar fyrir sig.
- Leiðbeinendur eru jafn misjafnir og þeir eru margir.
- Í upphafi er best að bæði nemandi og leiðbeinandi séu sammála um efnisval og verkáætlun.

- Best er að velja dagsetningar fyrir skil á uppkasti svo að leiðbeinandi geri sér grein fyrir framvindunni.
  - Leiðbeinanda ber ekki skylda til að:
    - prófarkalesa ritgerð og leiðrétta málfar
    - velja heimildir (þó má ætlast til ábendinga)
    - gera beinagrind að ritgerð
    - hitta nemendur oftast en 3-4 sinnum yfir misseri
- ...þótt sumir geri þetta allt saman og meira til.

- Ef nemandi og leiðbeinandi hafa komið sér saman um dagsetningar á skilum uppkasta er mikilvægt að **báðir** virði þau tímamörk.
- Nemandi sem ekki skilar á réttum tíma getur ekki ætlast til að leiðbeinandi raski sinni dagskrá og setji hans verkefni í forgang.
- Að sama skapi á nemandi ekki að þurfa að bíða óhóflega lengi eftir viðbrögðum ef tímaáætlun stenst.

**VAL Á EFNI**

# Efnisval

- Við efnisval verður að hafa hliðsjón af
  - eðli og lengd ritgerðar
  - kunnáttu og hæfileikum höfundar
  - hversu auðvelt er að nálgast heimildir
- Ein algengustu mistökkin eru að velja of vítt efni.
- Því víðara efni, því fleiri heimilda þarf að vitna til.
- Efnið þrengist smám saman þegar líður á vinnu.



# Tilgangur og markhópur

- Framsetning efnis þarf að vekja áhuga og tilgangurinn að vera skýr
  - Er tilgangurinn t.d. að vekja áhuga á tilteknu efni, hafa áhrif á lesandann eða fá hann til að skipta um skoðun?
- Markhópur: BA-/BS-ritgerðir eru aðgengilegar öllum, því þarf að huga að forþekkingu lesenda og því hversu mikið eða lítið á að útskýra

**HEIMILDAÖFLUN: FYRSTU SKREF**

# Heimildaöflun

- Hvernig á að hefja heimildaöflun?
  - kanna handbækur og ritaskrár
  - athuga hvort til er yfirlitsgrein um efnið
- [Heimilda má leita víða](#)
  - í skrám bókasafna (t.d. [Leiti](#))
  - í heimilda- og atriðisorðaskrár rita um efnið
  - í ritaskrár, efnisskrám tímarita o.þ.h.
  - í rafrænum gagnasöfnum af ýmsu tagi
  - á netinu (t.d. með [Google](#) og [Google Scholar](#))

# Munur á bókum og greinum

- Bækur og langar ritgerðir:
  - gerð grein fyrir fræðilegum forsendum
  - rannsóknasaga viðfangsefnisins rakin
- Greinar í fræðiritum:
  - það sem höfundur hefur frumlegt að segja
  - oft gert ráð fyrir mikilli forþekkingu lesenda
- Þess vegna eru tímaritsgreinar oft erfiðari aflestrar fyrir óinnvígða en heilar bækur

# Fáar eða vandmeðfarnar heimildir

- Málbreytingar í íslensku á 15. öld
  - er hægt að skrifa BA-ritgerð um það efni?
  - sennilega ekki – heimildir of fáskrúðugar
  - BA-ritgerð yrði hvorki fugl né fiskur
- Áhrif herstöðvarinnar á íslenskt mál
  - er hægt að skrifa BA-ritgerð um það efni?
  - sennilega ekki – heimildir kannski nægar
  - en mjög erfitt að festa hendur á þeim

**EFNISAFMÖRKUN**

# Efnisafmörkun

- Það er betra að kafa djúpt í afmarkað efni en fara hratt yfir stórt svið. Það eykur líkurnar á því að ritgerðin verði markviss.
- Það má ekki vera tilviljanakennt hvað er tekið með og hverju er sleppt í ritgerð því ritgerð verður að mynda eina heild.

# Of þröng eða við efnisafmörkun

- Efnið reynist oft of vítt eða of þröngt
  - oftast frekar of vítt
- Hvernig á að bregðast við því?
  - fella brott efnisþætti eða bæta við
- Rétt að byrja á þáttum sem hljóta að vera með
  - en hafa í huga hverju mætti bæta við eða sleppa
- Meginatriðið er að efnisafmörkun sé rökleg
  - ekki tilviljanakennt hvað er með og hverju sleppt



# Hvers vegna breytist efnisafmörkun?

- Efnisafmörkun getur breyst af ýmsum sökum
  - einhver efnisþáttur reynist mjög áhugaverður
  - og verður kannski að meginatriði ritgerðarinnar
  - eins geta heimildir um einhvern þátt reynst rýrar
  - þannig að hann getur ekki borið ritgerðina uppi
- Breytt efnisafmörkun er eðlileg og sjálfsgöð
  - en krefst þess að efnið í heild sé hugsað upp á nýtt
  - upphaflegt efnisyfirlit má ekki stjórna byggingunni

# Spennandi viðfangsefni?

- Þarf viðfangsefnið að vera spennandi?
  - það vilja auðvitað flestir
- Efni eru sjaldnast spennandi í sjálfu sér
  - málið snýst fremur um efnistösk og sjónarhorn
- Það þarf að sökkva sér ofan í efnið
  - finna rétt sjónarhorn og vinna vel úr heimildum
- Þá verður verkið oftast spennandi á endanum
  - en öll verk verða einhvern tíma leiðigjörn

**RANNSÓKNARSPURNING**

# Rannsóknarspurning

- Besta leiðin við að afmarka ritgerðarefni er að setja fram rannsóknarspurningu (eða jafnvel rannsóknarspurningar).
- Ritgerðin snýst þá um að svara spurningunni og færa rök fyrir svarinu.
- Öllu sem ekki snertir spurninguna er þá einfaldlega sleppt og allir útúrðurar í lágmarki.

# Rannsóknarspurning

- Rannsóknarspurning er þungamiðja ritgerðar
  - stýrir vinnu höfundar
  - því skiptir meginmáli hver og hvernig hún er
- Hvernig á rannsóknarspurning þá að vera?
  - verður að skipta máli
  - höfundur verður að hafa áhuga á að svara henni
  - lesendur verða að hafa áhuga á að vita svarið
- Spurningin er oft mikilvægari en svarið

# Nauðsyn rannsóknarspurningar

- *Ævi og verk Steins Steinarr*
  - hverfist ekki um eina spurningu
  - hætt við að verði útleitin
- *Hvaða áhrif höfðu sósíalískar skoðanir Steins Steinarr á kveðskap hans?*
  - hnitmiðaðri ritgerð
  - ekkert tekið með sem ekki varðar efnið
- Heiti ritgerðar þarf ekki að vera spurning

# Spurning og svar

- Lagt upp með svar við rannsóknarspurningu
  - er það ekki að fara aftan að hlutunum?
  - getur höfundur þá litið hlutlaust á efnið?
- Grunur um svar gerir spurningu áhugaverða
  - það þarf hins vegar að finna rök fyrir svarinu
- Snjöll hugmynd er kveikja að góðri ritgerð
  - hugmyndin er þá svar við rannsóknarspurningu
  - en það þarf að setja spurninguna rétt fram

# Að hefjast handa

- Oft fer ekki minni tími í undirbúning ritsmíðar en skrifin sjálf – undirbúningstímann má því ekki vanmeta.
- Þegar efni hefur verið valið þarf að kanna stöðu þekkingar.
- Mikilvægt **að kunna** að leita að heimildum.
- T.d. hægt að sækja námskeið í heimildaleit hjá Landsbókasafni